

15
23. júní

L Ö G

um

breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 63, 19. maí 1930.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur.
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 4. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir,
í samráði við yfirlækni fæðingardeildar landsspítalans, hver þau skuli vera.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.